




**FERÐAMÁLARÁÐ
ÍSLANDS**



Ársskýrsla 1997

Útgefandi: Ferðamálaráð Íslands

Umsjón: Athygli

Ljósmyndir: Sigurgeir Sigurjónsson og fleiri

Hönnun og umbrot: Rita

Prentun: Grafík


Forsíðumynd tók Sigurgeir Sigurjónsson við Svartafoss.



Ferðamálaráð Íslands *Ársskýrsla 1997*

Efnisyfirlit

Inngangur ferðamálastjóra	5
Stiklað á stóru í starfseminni	7
Ferðamálaráð	8
Starfsemi á skrifstofum erlendis	8
Markaðsmál	9
Umhverfismál	10
Upplýsingamál	11
Könnun Ferðamálaráðs	11
Útgáfumál	12
Tölulegar upplýsingar	13
Gjaldeyrstekjur af ferðaþjónustu	13
Nokkrar tölulegar upplýsingar um rekstur	13
Gistináttatalning	14
Fjöldi erlendra ferðamanna	15
Viðurkenningar Ferðamálaráðs	16
Fjölmíðlabíkar	16
Umhverfisverðlaun	17
Ferðamálaráðstefnan	18
Starfsfólk Ferðamálaráðs	18
Ferðamálaráð Íslands	19



Selárdalur

Ljósmynd: Sigurgeir Sigurjónsson

Treysta þarf forsendur til frekari vaxtar

Þegar árangur ársins 1997 í ferðaþjónustu á Íslandi er metinn er það eðlilega mjög misjafnt hver niðurstaða einstakra fyrirtækja, landshluta og einstaklinga hefur orðið. Árangur heildarinnar kemur fram í ýmsum opinberum tölulegum upplýsingum svo og í niðurstöðum þeirra kannana sem gerðar hafa verið meðal okkar innlendu og erlendu gesta.

Erlendir gestir sem heimsóttu okkur á árinu voru 201.654 og er um hlutfallslega litla aukningu að ræða frá árinu 1996. Er það í fyrsta sinn í nokkur ár sem erlendum gestum á Íslandi fjölgar ekki verulega milli ára. Á árinu náðist sá áfangi að meira en helmingur erlendu gestanna, eða yfir 100.000, kom utan hins svonefnda hefðbundna ferðamannatíma. Þessi árangur er í samræmi við þau markmið sem sett hafa verið um að ná hlutfallslega meiri aukningu í umsvifum utan háannatímans og hefur það tekist undanfarin ár. Hér er að skila sér árangur í vörubrúun og markaðssetningu, sem unnið hefur verið að árum saman í þeim tilgangi að ná betri nýtingu fjárfestinga allt árið.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar voru gistinætur ferðamanna á Íslandi alls 1.438.763 á árinu sem er 6,7 % aukning miðað við árið 1996. Gistinóttum erlendra gesta fjölgaði um 6,0% frá fyrra ári og innlendra gesta um 8,0 %.

Gjaldeyrstekjur af ferðaþjónustu voru samkvæmt upplýsingum Seðlabankans 22,3 milljarðar. Hér er um að ræða 7,4% aukningu frá 1996. Þrátt fyrir að gestum hafi fjölgað sáralítið frá árinu 1996 er um verulega aukningu að ræða bæði í fjölda gistinátta og gjaldeyrstekjum. Þetta minnir okkur enn einu sinni á að fjöldi erlendra gesta sem heimsækir okkur er ekki einhlítur mælikvarði á aukin umsvif. Fjöldi gistinátta og gjaldeyrisöflun skipta okkur eðlilega meiru þegar rætt er um árangur ferðaþjónustunnar og möguleika fyrirtækja á arðsemi.

Þegar rætt er um tekjur af ferðaþjónustu á árinu 1997 er ekki úr vegi að benda á þá fjármuni, sem þessir rúmlega 200 þúsund erlendu ferðamenn greiða beint til ríkisins. Leiða má að því líkum að erlendir gestir sem heimsóttu okkur á síðasta ári greiði allt að 1,6 milljarða króna í skatta vegna beinna kaupa á vöru og þjónustu. Þá er ekki verið að tala um óbein áhrif eins og skatta af launum starfsfólks, skatta fyrirtækja í ferðaþjónustu og aðra skatta vegna margfeldisáhrifa

þessarar atvinnugreinar sem bætast við og eru hlutfallslega hliðstæð og í öðrum atvinnurekstri. Virðisaukaskattur er innheimtur beint af gestum af hverri gistinótt, hverri máltíð, öllum vörukaupum og þjónustu, vegaskattur af hverjum bensínlítra o.s.frv. Endurgreiðsla til erlendra ferðamanna er óverulegur hluti þessarar upphæðar eða um 100 milljónir á árinu 1997. Beinar skattgreiðslur gestanna gætu því numið allt að 1,5 milljörðum króna á árinu meðan á dvöl þeirra stendur um leið og þeir skapa þúsundir ársverka í landinu.

Þetta er sett hér á blað til að sýna mikilvægi þeirra gesta sem í fyrra voru á þessum vettvangi nefndir „gestir þjóðarinnar“. Innlendir ferðamenn greiða svo eðlilega hliðstæða skatta af þeirri þjónustu sem keypt er af ferðaþjónustufyrirtækjum og öðrum á ferðalögum um eigið land.

Stóraukin fjölmiðlun og margmiðlun

Á árinu 1997 heimsótti okkur mikill fjöldi erlends fjölmiðlafólks. Mér er til efs að slíkur fjöldi hafi komið áður á einu ári. Mjög mikil áhersla hefur verið lögð á þennan þátt kynningarstarfsins af hálfu ferðaþjónustunnar á undanförunum árum. Milli sex og sjö hundruð fjölmiðlamenn komu á árinu á vegum ferðaþjónustuaðila og kynntu sér land og þjóð og mun fleiri sýndu áhuga á Íslandsferð. Sjónvarpsstöðvar voru áberandi í þessum hópi og hefur fjöldi þátta um land og þjóð verið sýndur víða um lönd undanfarið.

Þegar litið er til prentmiðlanna er víða að sjá ómetanlegar upplýsinga- og myndagreinar. Í Þýskalandi einu hafa t.d. á þessu ári birst rúmlega 300 greinar og fréttaklausur um Ísland í blöðum og tímaritum. Með þessari auknu umfjöllun er vakin forvitni á frekari kynnum. Þess misskilnings gætir stundum að fjölmiðlaumfjöllun ein og sér selji ferðir til Íslands. Þessu er auðvitað ekki svona farið. Til þess að hún nýtist þarf samtímis að efla allt annað markaðsstarf og sölu- og dreifingarkerfi ferðaþjónustunnar verður að vera undir það búið að þjóna auknum áhuga á viðkomandi svæði. Þá hefur umfjöllun innlendra fjölmiðla um ferðaþjónustu og ferðamöguleika á Íslandi stóraukist og á sinn þátt í vaxandi fjölda þeirra sem sækja Ísland heim.



Fagurbólsmýri. Öræfajökull í baksýn.

Öll margmiðlun skiptir okkur sífellt meira máli í kynningarstarfinu. Samkvæmt könnunum er ljóst að stöðugar breytingar eru að verða á viðskiptavenjum ferðamanna. Nærri helmingur erlendra sumargesta okkar kaupir nú t.d. ferð sína á síðustu sex vikunum fyrir brottför.

Internetið er sá kynningarmiðill sem er í mestri sókn. Þar er kynningin aðgengileg kaupandanum nær hvar sem er í heiminum á þeim tíma sem hann er að taka ákvörðun um ferðakaup. Og hér er ekki eingöngu um upplýsinga- og kynningarmiðil að ræða. Internetið sem gagnvirkur miðill er í vaxandi mæli hluti sölukerfis þar sem hægt er að kaupa miða hjá fjölda flugfélaga og bóka beint dvöl á gististöðum um allan heim, svo dæmi sé tekið. Kaupandinn ákveður sjálfur hvaða einingar hann kaupir og velur þær í vaxandi mæli í hinni rafrænu kjörbúð, Internetinu, og setur saman eigin ferðapakka.

Því er spáð að þau lönd sem þróa hraðast rafræn upplýsinga- og bókunarkerfi muni ná ákveðnu markaðsfor-skoti á næstu árum. Á þessu sviði eigum við alla tækni-lega möguleika á því að standa a.m.k. jafnfætis öðrum. Hér er fjarlægðin ekki afsökun og hér er smæðin kostur, þegar lítið er til svörunartíma og möguleika á uppbyggingu heildargagnagrunns ferðþjónustunnar. Vinna við hann hófst á árinu til notkunar á Internetinu.

Samkeppnishæfnin mikilvægust

Íslensk ferðþjónusta á vitaskuld allt undir því að vera samkeppnishæf bæði á innlendum og erlendum markaði. Hér er verið að tala um samkeppnishæfni í víðasta skilningi. Stjórnvöld þurfa stöðugt að meta alla þætti sem að þeim snúa í rekstrarumhverfi ferðþjónustunnar, enda þeirra hagsmunir að hún sé samkeppnishæf. Á vegum samgönguráðuneytisins var á árinu unnið að söfnun upplýsinga til samanburðar á einstökum þáttum í rekstrarumhverfi okkar og nokkurra samkeppnislönda. En fyrirtækin mega ekki líta svo á að með bættu rekstrarumhverfi af hálfu ríkisins sé björninn unninn. Ábyrgðin á því að gæði vörunnar og að rekstur fyrirtækjanna sé samkeppnishæfur verður aldrei lögð á rík-

isvaldið. Fyrirtækin þurfa á sama hátt að bera rekstrarlegan árangur sinn saman við samkeppnisfyrirtækin í samkeppnislöndunum.

Á þessum vettvangi hefur áður verið gerð að umræðuefni hin örsníða sölueining, Ísland, og rætt um nauðsyn þess að hér myndist stærri markaðseiningar, sem eru samkeppnisfærari í alþjóðlegum viðskiptum. Ákveðin skref voru stigin á árinu í stækkun markaðseininga, m.a. í gistiþættinum. Það er skoðun mín að til þess að auka enn frekar samkeppnishæfni okkar í markaðsmálum verði stigin fleiri skref í þessa átt á næstunni og ferðþjónustan muni innan nokkurra ára vinna að sölu- og markaðsmálum sínum erlendis í 10-15 markaðseiningum.

Við eigum mikla möguleika á auknum hlut í þeirri atvinnugrein sem talið er að vaxi mest allra í heiminum á næstu árum. Við verðum að nýta tækifærið og það er okkar í sameiningu, þ.e. stjórnvalda og grein- arinnar. Stjórnvöld þurfa fyrir sitt leyti að leita allra leiða til að tryggja áframhaldandi gjaldeyrisaukningu og atvinnusköpun enda eru þeirra hagsmunir mestir. Ýmissa fjárfestinga er þörf í uppbyggingu í landinu til að tryggja að við náum settum markmiðum.

Taka þarf ákvarðanir um nauðsynlegar fjárfestingar ferðþjónustuaðila með það að leiðarljósi að tryggja aukna arðsemi og samkeppnishæfni. Þar er ekki síst vísað til stórauðinna fjárfestinga í öllu okkar markaðsstarfi. Þar þarf að mínu mati að koma til enn frekari samvinnu allra aðila en nú er og enn meiri sóknar okkar Íslendinga sjálfra í sölu- og markaðsmálum. Bætt rekstrarumhverfi, aukin markaðssókn og úrbætur á ferðamannastöðum eru sameiginleg hagsmunamál atvinnugreinarinnar og ríkisvaldsins til að auka samkeppnishæfni.

Ég þakka ánægjulegt samstarf við alla innan ferðþjónustunnar, opinbera aðila sem og aðra.

Magnús Oddsson

Magnús Oddsson ferðamálastjóri.

Stiklað á stóru í starfsemi Ferðamálaráðs 1997

Starfsemi Ferðamálaráðs er nú á fimm skrifstofum í þremur löndum, í Reykjavík, á Akureyri, í New York og Frankfurt. Á skrifstofunni í Reykjavík er m.a. unnið að upplýsingagjöf og svörun fyrirspurna, markaðsmálum, útgáfumálum, gerð kannana, stjórnáskilum og fjármálum. Starfsfólk skrifstofunnar á Akureyri vinnur að umhverfismálum, upplýsingasöfnun fyrir prentað efni og Ferðavefinn, útgáfumálum, fræðslu, ráðgjöf o.fl. Skrifstofurnar í Frankfurt og New York vinna að almennum landkynningarmálum, markaðsmálum, svörun fyrirspurna o.fl. Á öllum skrifstofunum er unnið ótullega að markaðsmálum í víðasta skilningi, stóraukin og tæknivædd upplýsingasöfnun og -miðlun er umfangsmikil í starfseminni og með auknum fjárveitingum til umhverfisverkefna er hægt að sinna þeim þætti betur en áður.

Þá er unnið að viðhorfskönnunum meðal ferðamanna og verður sú starfsemi einnig sífellt umfangsmeiri. Á vegum ráðsins eru einnig að hefjast rannsóknir í ferðaþjónustu. Alla þessa þætti og miklu fleiri má líta á sem þjónustu- og stuðningsverkefni við ferðaþjónustuaðila. Til að átta sig á umfanginu á árinu 1997 eru hér nefndar nokkrar tölur í þessu samhengi:

- Landkynningarbæklingur Ferðamálaráðs var gefinn út í 280 þúsund eintökum á níu tungumálum.
- Gefin var út handbók ferðaþjónustunnar tvisvar á árinu á íslensku og ensku. Þar er að finna upplýsingar frá 900-1000 ferðaþjónustuaðilum og voru áskrifendur að bókinni um 300 talsins. Hliðstæðum upplýsingum var einnig komið á Ferðavefinn á Netinu.
- Dreift var um hálfri milljón bæklinga fyrir ferðaþjónustuaðila og voru kaupendur bæklingadreifingar Ferðamálaráðs á annað hundrað fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög.
- Um 5000 erlendir ferðamenn voru spurðir við brottför um viðhorf sín og nærri 100 aðilar voru kaupendur að niðurstöðunum.
- Ferðamálaráð tók á árinu þátt í um 70 ferðasýningum og Íslandskynningum erlendis. Yfir 40 samstarfsaðilar tóku þátt í þeim með Ferðamálaráði.
- Svarað var yfir 30.000 fyrirspurnum frá erlendum einstaklingum sem óskuðu upplýsinga um land og þjóð.
- Tekið var á móti fjölda erlends fjölmiðlafólks.
- Loks ber þess að geta að á árinu leituðu um 80.000 manns upplýsinga beint í Upplýsingamiðstöðinni, sem rekin er af Ferðamálaráði og Reykjavíkurborg í sameiningu.



Kambur í Ölfusi.

Ferðamálaráð

Það Ferðamálaráð sem nú situr var skipað í janúar 1995 til fjögurra ára. Í því eiga sæti 23 fulltrúar og tveir áheyrnarfulltrúar. Ráðið hélt fimm fundi á árinu, þrír voru haldnir í Reykjavík, einn í Borgarnesi og einn á Blönduósi. Framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs hélt 18 fundi. Þá er mikið starf unnið í nefndum og starfshópum innan ráðsins auk þess sem það tekur þátt í ýmsu erlendu og innlendu starfi.

Ferðamálaráð tilnefnir tvo af þremur fulltrúum í stjórn Ferðamálasjóðs. Ferðamálaráð á aðild að Ferðamálaráði Norðurlanda, Ferðamálaráði Evrópu og Ferðamálaráði Vesturnorðurlanda. Fulltrúar ráðsins taka þátt í störfum ofangreindra ferðamálaráða og einnig á ráðið lögbundna fulltrúa í Útflutningsráði Íslands og Náttúruverndarráði. Ferðamálaráð Íslands er aðili að Ráðstefnuskrifstofu Íslands og rekur Upplýsingamiðstöð ferðamála í samvinnu við Reykjavíkurborg.

Starfsemi á skrifstofum erlendis

New York

Ferðamálaráð Íslands rekur sjálfstæða skrifstofu í New York en er jafnframt aðili að fyrirtækinu Scandinavian Tourism Inc. (STI) sem er í eigu Norðurlandanna fimm, Íslands, Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Hlutverk þess fyrirtækis er að vinna að sameiginlegri kynningu fyrir löndin sem heild auk þess sem fyrirtækið sér um dreifingu og upplýsingamál fyrir einstök lönd.

Markaðsskrifstofan í New York stendur fyrir og tekur þátt í fjölda ferðasýninga og kaupstefna um Bandaríkin þver og endilöng á ári hverju og hefur ferðaheildsölum sem bjóða upp á Íslandsferðir farið verulega fjölgandi.

Af hálfu Íslands hefur mikil áhersla verið lögð á fjölmiðlatengsl og á árinu voru heimsóknir fjölmiðla fleiri en nokkru sinni fyrr. Tugir fjölmiðlafólks komu hingað fyrir milligöngu skrifstofunnar í New York. Meðal

þeirra sem hingað komu var hópur frá ABC-sjónvarpsstöðinni sem sendi héðan beint þáttinn „Good Morning America“ í maímánuði og tæplega 20 milljónir manna horfðu á. Þá má nefna Joe Boxer tiskufyrirtækið sem bauð hingað til lands nálægt 200 fjölmiðlamönnum og vakti það mikla athygli í Bandaríkjunum. Fræga fólkíð lét heldur ekki sitt eftir liggja í Íslandsheimsóknunum, s.s. Jerry Seinfeld og John F. Kennedy jr., og vöktu ferðir þeirra mikla athygli vestan hafs. Allt skilaði þetta þeim árangri að umfjöllun fjölmiðla um Ísland er orðin jafnmikil og stundum meiri en um stærstu Evrópulöndin sem markaðssetja sig í Bandaríkjunum.


Ferðamönnum frá Bandaríkjunum og Kanada til Íslands fjölgaði árið 1997, sjötta árið í röð, og nam fjölgunin frá Bandaríkjunum 5,5%. Aukningin var hlutfallslega mest utan háannatíma og er það í samræmi við þá stefnu sem mörkuð hefur verið undanfarin ár. Þá er athyglisverð sú mikla aukning sem orðið hefur á gistinóttum Bandaríkjamanna eða 33% milli ára og Kanadamanna um 35% milli ára. Þá er það einnig eftirtektarvert að bandarískir ferðamenn sem sækja Ísland heim eru nú yngri en verið hefur, skv. könnun Ferðamálaráðs. Verður að telja að margir samverkandi þættir hafi átt þátt í aukningu bandarískra ferðamanna til

Íslands, s.s. stöðugur og góður efnahagur í Bandaríkjunum, vaxandi sókn Flugleiða á Bandaríkjamarkaði og landkynningarstarf Ferðamálaráðs.

Frankfurt

Markaðsskrifstofan í Frankfurt hefur verið starfrækt frá árinu 1985 og sinnir markaðsstarfi í Evrópu. Starfsemi skrifstofunnar er fjölbreytt, þar er markaðsmálum ferðaþjónustunnar sinnt í víðasta skilningi.

Starfsfólk skrifstofunnar annaðist allan undirbúning og framkvæmd að sameiginlegum Íslandsbásum á fjölda kaupstefna í Þýskalandi árið 1997, s.s. CMT í Stuttgart, ABF í Hannover, Reisen í Hamborg, CBR í München, svæðissýningum í Mannheim, Dresden, Essen, Ulm og Freiburg, Equitana í Essen og síðast en ekki síst ITB í Berlín. Starfsfólk Ferðamálaráðs í Frankfurt tók auk þess þátt í ýmsum kynningum og sýningum utan Þýskalands, s.s. Íslandskynningu í Amsterdam, „workshop“ Kontiki/Saga í Zürich, kynningu ferðaskrifstofunnar



Frá ferðasýningum á erlendri grund árið 1997.



Upplýsingamiðstöð ferðamála í Reykjavík var stofnuð árið 1987 og varð því 10 ára á árinu. Hún er rekin af Ferðamálaráði og Reykjavíkurborg í sameiningu.

Gruber í Graz, Vela Viaggi í Cremona og eftirfarandi sýningum: Holiday World í Prag, BIT í Mílanó, Utaszas í Búdapest, GET 97 í París og „workshop“ Travel Trend í Bern og TTW í Montreux.

Mikil áhersla var sem fyrr lögð á öll fjölmiðla- tengsl og komu fjölmiðlamenn til Íslands frá flestum löndum Evrópu. Afrakstur þessara ferða hefur skilað sér vel því fjöldi greina og fréttu hefur birst í fjölmiðlum í kjölfar þeirra. Skrifstofan í Frankfurt, ásamt ferðamálafulltrúum víða um land, annaðist allan undirbúning ferðar kvikmyndagerðarhóps frá fyrirtækinu ART Tech. Hópurinn vann að gerð vandaðrar og veigamikillar landkynningarmyndar um Ísland sem er nú til sölu í öllum helstu bókabúðum í Þýskalandi.

Slagorð auglýsinga í Þýskalandi árið 1997 var „Island fasziniert“ sem þótti komast næst „Amazing Iceland“, sem notað var í hinum enskumælandi heimi. Markmið auglýsinganna var að fá sem flesta ferðamenn í skipulagðar ferðir. Í kjölfar þeirra bárust rúmlega 16.000 fyrirspurnir um Ísland. Auk þess barst fjöldi fyrirspurna frá ferðaskrifstofum og ferðaheildsölum, sem og hvata- og ráðstefnuferðafyrirtækjum, til skrifstofunnar.

Af ýmsum orsökum lutu ferðamál Þjóðverja á árinu 1997 öðrum lögmálum en þeim sem menn áttu að venjast og í fyrsta sinn í mörg ár var um fækkun á ferðamönnum frá Þýskalandi til Íslands að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá Útlendingaefirlitinu fækkaði Þjóðverjum um 13,5% milli ára. Þrátt fyrir óvenjulegt ástand í Þýskalandi eyddu Þjóðverjar 230.148 gistinóttum á Íslandi, skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Þó að þetta sé rúmlega 9% fækkun frá árinu 1996 er þessi tala samt mun hærri en tala gistinátta fulltrúa annarra þjóða á Íslandi.

Markaðsmál; sýningar/ kaupstefnur/kynnisferðir

Á árinu tók Ferðamálaráð Íslands þátt í fjölda sýninga með virkri þátttöku ferðaðjónustuaðila og má í því sambandi t.d. nefna ITB-sýninguna í Berlín. Þátttaka þar var meiri en nokkru sinni fyrr og er nú fastur liður í markaðsátaki á þessu svæði. Aðrar sýningar voru FITUR í Madrid, Vakantebeurs í Hollandi, BIT í Mílanó á Ítalíu og TUR í Gautaborg. Norðurlöndin voru nú í fyrsta sinn með sameiginlegan bás á World Travel Mart í London og gafst það mjög vel. Ákveðið hefur verið að halda því samstarfi áfram enda verður Ísland þannig sýnilegra á þessari alþjóðlegu sýningu. Ferðamálaráð tók einnig þátt í fjölda annarra sýninga á vegum skrifstofa ráðsins erlendis.

Einnig var farið af stað með svokallað „road show“ eða farandsýningar í þremur borgum í Svíþjóð í samstarfi við ferðaðjónustuaðila á Færeyjum og Grænlandi. Ferðaheildsalar hér á landi og Flugleiðir tóku þátt í þessu með Ferðamálaráði. Markmiðið var að höfða til ferðaskrifstofa og gafst það svo vel að ákveðið var að halda áfram í Noregi og Danmörku.

Markvisst hefur verið unnið að því að endurnýja sýningarbása og aðstöðu með nýjum útstillingum. Slagorðið „Amazing Iceland“ var notað á öllum sýningum auk þess sem það var sett í bækling Ferðamálaráðs og inn á Ferðavef ráðsins.

Enn sem fyrr var lögð áhersla á fjölmiðlaheimsóknir og kynnisferðir erlendra ferðaheildsala og starfsfólks ferðaskrifstofa með það að markmiði að auka áhuga og þekkingu á Íslandi og fjölga söluaðilum. Má þar nefna kynnisferðir ferðaheildsala frá Bretlandi og fjölmiðlaheimsóknir frá Norðurlöndunum, Ítalíu, Hollandi og Frakklandi.

Umhverfismál

Á árinu 1997 var varið 20,1 milljón króna til umhverfismála og unnið var að úrbótum á fjölda ferðamanna- staða víða um land. Þar af var sérstök aukafjárveiting á fjárlögum til umhverfismála á fjölsóttum ferðamanna- stöðum, alls 14,1 milljón, og var unnið á tíu stöðum, sjá töflu 2.

Af fjárveitingu Ferðamálaráðs var veitt 6 milljón- um króna til styrkja vegna umhverfisúrbóta á Suðurlandi, Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum, samkvæmt samþykkt Ferðamálaráðs, og var um- hverfisnefnd ráðsins skipuð fulltrúum þessara lands- hluta. Veitt var ráðgjöf við framkvæmdir á þessum stöðum. Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu var út- hlutað styrkjum til 23 verkefna, en sem fyrr tókst ekki að koma til móts við óskir nema hluta umsækjenda.

Leitað var til ferðamálafulltrúa vegna tilnefninga til umhverfisverðlauna og bárust margar mjög góðar til- lögur. Upplýsingamiðstöðin og tjaldsvæðið á Egils- stöðum hlutu verðlaunin að þessu sinni, sjá bls. 16.



Bygging breimletisaðstöðu við Dettifoss.



Bílastæði og breimletisaðstaða við Helgafell.

Tafla 1

Styrkir til umhverfisúrbóta á Suðurlandi, Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum 1997

STAÐUR	VERKEFNI
Þorlákshöfn/Selvogur	Merking gönguleiðar milli Þorlákshafnar og Selvogs, fyrirhuguð tengileið inn á Reykjaveg
Skógafoss	Gönguleiðir o.fl.
Lakagígar	Stígagerð og merkingar
Álftavötn, Skaftártungnahr.	Uppgræðsla og stöðvun vatnsrofs á reiðleið
Reykholt	Gönguleiðir
Laugarás	Gönguleiðir
Svartá á Kili	Merking reiðleiðar frá Ártúnum (Hvítárnesi) að Hveravöllum
Landmannalaugar	Gönguleiðir frá Landmannalaugum til Þórsmerkur, „Laugavegur“ stikun og merking gönguleiða
Suðurnes-áningarstaðir	Stikur, setbekkir, borð o.fl. úr rekaviði
Suðurnes-hverasvæði	Göngubrú og merkingar, lagfæring akstursleiða
Suðurnes-Reykjan. v/Hafnaberg	Lagfæring á vörðum, hreinsun gönguleiða
Suðurnes-Stafnes/Ósabatnar	Endurmerking gamallar þjóðleiðar
Arnarstapi	Gönguleið frá „Bárði Snæfellsás“ að ströndinni
Gerðuberg og Rauðamelsölkelda	Skilti og stígagerð
Dalabyggð	Gönguleiðir frá Laugum
Stafholtstungur	Gönguleið Hólmavatn/Stapavatn
Húsafell	Gönguleið u.þ.b. 1000 m.
Hvalfjörður-Leggjabrjótur	Skilti og merking gönguleiðar um Leggjabrjót
Hótel Djúpvík	a) Hreinsun strandlengju; b) Almenningsalarni
Vestfirðir	Merking u.þ.b. 25 gönguleiða á Vestfjörðum sem kynntar hafa verið í gönguleiðabæklingum
Vestfirðir	Gönguleiðir um Vestfirði, flugfargjald f. verkstjóra vegna vinnu fyrir Ferðamálasamtök Vestfjarða
Bjarnarfjörður á Ströndum	Uppbygging gönguleiða að Gvendarlaug (eldri). Sótt um fyrir ferðakostnaði
Bjarnarfjörður, Laugarhóll	Gönguleið að Gvendarlaug

Tafla 2

Framkvæmdir á vegum Ferðamálaráðs 1997

STAÐUR	VERKEFNI
Aldeyjarfoss	Salerni, rotþró, gönguleið
Barnafoss	Gönguleið og handrið við fossinn
Dettifoss	Snyrtiaðstaða, vegghleðsla fyrir skilti við bílastæði
Dynjandi	Snyrtiaðstaða, gönguleið
Eldborg	Snyrtiaðstaða
Eldgjá	Snyrtiaðstaða
Helgafell	Gönguleið, snyrtiaðstaða
Lakagígar	Gönguleið
Látrabjarg	Gönguleið, snyrtiaðstaða
Seyðisfjörður	Aðkoma að ferjulægi

Upplýsingamál

Söfnun og miðlun upplýsinga er stór þáttur í starfsemi Ferðamálaráðs. Mörg undanfarin ár hefur handbók með upplýsingum um u.þ.b. níu hundruð ferðabjónustuaðila hér á landi verið gefin út af ráðinu, bæði á íslensku og ensku. Þá hefur verið safnað upplýsingum fyrir svokallaðar „gular síður“ í Íslandsbæklingi ráðsins og upplýsingum fyrir handbókina Scandinavia Agents' Manual, sem gefin er út í Bandaríkjunum af ferðamálaráðum Norðurlandanna.

Yfir 30.000 fyrirspurnir berast skrifstofum Ferðamálaráðs árlega frá erlendum einstaklingum sem óska upplýsinga um land og þjóð. Miklar breytingar



hafa orðið á svörum slíkra fyrirspurna með breyttum upplýsingaheimi og fjölgar stöðugt þeim sem leita svara á Netinu. Ferðamálaráð opnaði á árinu 1997 Ferðavefinn <http://www.icetourist.is> á Netinu með upplýsingum um ferðabjónustu á Íslandi. Tryggt hefur verið að vefur Ferðamálaráðs komi upp undir fjölmörgum leitarorðum sem tengjast ferðalögum um landið. Ferðabjónustuaðilum var boðið að tengja heimasíður sínar við Ferðavefinn til að efla enn frekar upplýsingamiðlun á Netinu um ferðabjónustu á Íslandi.


Mikilvægi þessa miðils hefur m.a. komið fram í könnunum Ferðamálaráðs þar sem sífellt herra hlutfall erlendra gesta hér á landi segist leita upplýsinga á Netinu. Á Ferðavefnum er að finna almennar upplýsingar um landið, grunnupplýsingar um samgöngur, gistingu, skipulagðar ferðir, veiði, söfn, hestaferðir, veitingahús og afþreyingu.

Upplýsingamiðstöð ferðamála var stofnuð árið 1987 og varð því 10 ára á árinu. Allt að 80.000 þúsund manns leita þar upplýsinga árlega, en starfsemin er rekin í samstarfi við Reykjavíkurborg. Frá því miðstöðin var stofnuð hafa á fimmta tug upplýsingamiðstöðva verið opnaðar á landinu.


Könnun Ferðamálaráðs

Heilsárskönnun Ferðamálaráðs meðal erlendra ferðamanna hefur nú staðið yfir í tvö ár. Markmiðið með henni er að fylgjast með breytingum á ferðamörkuðum og að safna upplýsingum um atvinnugreinina og ferðamanninn. Gert er ráð fyrir að könnunin standi yfir í fjögur ár samfellt og er hún liður í gagnasöfnun Ferðamálaráðs um ferðamenn á Íslandi.

Hvaðan fengust upplýsingar um Ísland 1996-1997?



Hvaða afþreying var nýtt sumarið 1997?





Við Búrfell.

Könnunin fer að stærstum hluta fram í Leifsstöð, en þar er spurningalisti lagður fyrir ferðamenn við brottför. Í úrvinnslunni er úrtakið vegið út frá daglegum brottfarartölum Útlendingaeftirlitsins til að leiðrétta frávik milli úrtaks og raunverulegrar samsetningar þjóðerna. Um 5200 svarendur tóku þátt í könnuninni fyrsta starfsárið (1996-97) og um 6300 annað (1997-98) sem er um 2,5-3% þeirra erlendu ferðamanna sem fóru frá landinu á könnunartímabilunum.

Við framkvæmd og úrvinnslu var „ferðaárinu“ skipt í fjögur tímabil fyrsta starfsár könnunarinnar, en annað starfsárið í þrjú: haust-vetur (sept.-des '97), vetur-vor (janúar-maí '98) og sumar (júní-ágúst '98). Niðurstöðurnar eru gefnar út í skýrsluformi fyrir hverja árstíð og er hver skýrsla um 150 blaðsíður. Svör við einstökum spurningum eru unnin eftir þjóðerni, markaðssvæðum, þjóðfélagsstöðu, tegund ferðar, tilgangi og gistimáta.

Helstu efnisþættir könnunarinnar:

1. Þjóðfélagsstaða og samsetning ferðamanna (kyn, aldur, menntun, starfsstétt og tekjur)
2. Ákvörðunarferlið (hvenær verður hugmynd að Íslandsferð til, hvenær er ákvörðun tekin og hvenær er ferð bókuð/keypt, hvaðan vaknar hugmyndin að Íslandsferðinni, hvaða þættir hafa áhrif á ákvörðun um Íslandsferð, hvaðan koma upplýsingar um Ísland, hvers konar ferðir eru keyptar og hvar)
3. Ferðahegðun á Íslandi (tilgangur ferðar, með hverjum er ferðast, dvalarlengd, hvar á landinu er gist, hvaða gistimáti er nýttur, hvaða ferðamáti er nýttur og hvaða afþreying)
4. Útgjöld og eyðsluhættir (verð Íslandsferðar, útgjöld á Íslandi og dreifing útgjalda)

5. Huglægt mat (álit á einstökum þáttum ferðaþjónustunnar, mat á verðlagsþáttum).

Kannanir Ferðamálaráðs gagnast ferðaþjónustufyrirtækjum, hagsmunasamtökum, ráðgjöfum, stofnunum og öðrum sem þurfa á upplýsingum að halda um síbreytilegan markað ferðamanna.

Útgáfumál

Landkynningarbæklingur Ferðamálaráðs kom út í 280 þúsund eintökum á árinu 1997 á níu tungumálum.

Honum var dreift af skrifstofum ráðsins í Frankfurt og New York, ferðaheildsölum, Flugleiðum hf. og á öllum sýningum og kaupstefnum sem Ferðamálaráð tók þátt í, auk póstsendinga.

Bæklingurinn er ætlaður almenningi á helstu markaðssvæðum Íslands í Evrópu og Norður-Ameríku. Útgáfa Handbókar Ferðamálaráðs var með hefðbundnum hætti á árinu. Landkynningarbæklingur fyrir innlenda markað var gefinn út árið 1997 í 50.000 eintökum undir heitinu „Ísland – sækjum það heim“ og var dreift um allt land.

Þá var áfram unnið í samstarfi við ESSO að útgáfu Vegabréfs ESSO og Ferðamálaráðs. Var því dreift í 58 þúsund eintökum og fólk hvatt til að safna í það stimplum hjá ferðaþjónustuaðilum og bensinstöðvum. Samhliða þessu fór fram leikur á Rás 2 og vikulega voru dregnir út vinningar.




Gjaldeyrstekjur 1997

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands voru gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum um alls kr. 22.301 milljónir árið 1997 samanborið við kr. 20.755 milljónir árið 1996.

Gjaldeyrstekjunum er skipt í tvo meginflokka, fargjaldatekjur og ferðakostnað innanlands:

Fjárbæðir eru í milljónum króna				
1993	1994	1995	1996	1997
Tekjur af erlendum ferðamönnum				
15.747	17.804	19.915	20.755	22.301
Ferðakostnaður á Íslandi				
9.764	10.595	12.004	11.722	12.316
Áætlaðar fargjaldatekjur				
5.983	7.209	7.911	9.033	9.985

Heimild: Seðlabanki Íslands



NOKKRAR TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM REKSTUR FERÐAMÁLARÁÐS ÍSLANDS 1997

Inneign hjá Seðlabanka Íslands 01.01.1997	391.836	
Framlag ríkissjóðs á árinu	122.797.341	
Laun og almennur rekstur skrifstofu í Reykjavík og Akureyri		28.722.632
Rekstur skrifstofu í Frankfurt (hlutur FMR)		16.106.157
Skrifstofa í New York (hlutur FMR)		19.554.072
Ráðstefnuskrifstofa Íslands (hlutur FMR)		4.200.000
Rekstur Upplýsingamiðstöðvar í Reykjavík (hlutur FMR)		3.699.996
Þátttaka í Nordisk Turistråd og European Travel Commission		1.621.449
Þátttaka í ferðasýningum (hlutur FMR)		812.660
Til Ferðamálasamtaka landshlutanna		6.625.000
Önnur verkefni, þ.m.t. fundir og ráðstefnur		2.237.261
Ýmis landkynningarverkefni þ.m.t. kostnaður v/Íslandsbæklings (hlutur FMR)		13.587.811
Ýmis verkefni í umhverfismálum		5.747.415
Vestnorden-samstarfið		1.925.804
Kannanir og rannsóknir (hlutur FMR)		3.288.886
Til úrbóta á fjölsóttum ferðamannastöðum		13.747.322
Til hótela á landsbyggðinni		1.185.385
Alls tekjur og gjöld	123.189.177	123.061.850
Inneign 31.12.1997		127.327
ALLS	123.189.177	123.189.177

Gistináttatalning 1997

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar var heildarfjöldi gistinátta erlendra og innlendra gesta árið 1997 alls 1.438.763. Þeim hafði fjölgað um 6,7% frá árinu 1996 en þá var fjöldi þeirra 1.348.452.

	1997	1996	Breyting
Erlendir gestir:	917.527	865.702	6,0%
Innlendir gestir:	521.236	482.750	8,0%

Í Gistiskýrslum 1997, sem Hagstofa Íslands gefur út, kemur fram að heildarfjöldi gistinátta skiptist þannig að Íslendingar voru 36%, Norðurlandabúar 14%, Þjóðverjar 16%, Bretar 6,4%, Bandaríkjamenn og Frakkar 5% hvor, aðrar þjóðir voru með lægra hlutfall. Athygli vekur að gistinóttum Íslendinga hefur fjölgað um 8,0% miðað við árið 1996, gistinóttum Breta hefur fjölgað um 16,5% og Bandaríkjamanna um 33%. Þá hefur einnig náðst umtalsverður árangur í markaðssetningu utan háannar því heildargistinóttum á tímabilinu janúar-apríl fjölgaði um 13,6% árið 1997 miðað við árið áður og um 16,6% á tímabilinu september-desember.

Heildargistinætur eftir ársþriðjungum:

	1997	1996	Breyting
janúar-apríl	177.722	156.467	13,6%
maí-ágúst	1.025.738	990.243	3,6%
sept-des	235.303	201.742	16,6%


Heimild: Gistiskýrslur 1997, útg. Hagstofa Íslands.

Heildarfjöldi gistinátta eftir ríkisfangi gesta


	1997	1996	Breyting
Allt árið	1.438.763	1.348.452	6,7%
Ísland	521.236	482.750	8,0%
Danmörk	60.724	57.897	4,9%
Svíþjóð	73.220	65.564	11,7%
Noregur	52.118	44.697	16,7%
Finnland	14.530	15.426	-5,8%
Bretland	91.385	78.436	16,5%
Írland	5.056	4.651	8,7%
Þýskaland	230.148	253.142	-9,1%
Holland	39.973	37.066	7,8%
Belgía	10.571	9.620	9,9%
Frakkland	67.452	72.431	-6,9%
Sviss	33.626	34.359	-2,2%
Austurríki	15.616	20.284	-23%
Ítalía	35.721	30.652	16,5%
Spánn	11.738	12.396	-5,3%
Önnur Evrópulönd	48.234	32.673	47,6%
Bandaríkin	72.828	54.652	33,2%
Kanada	14.847	10.957	35,5%
Japan	12.740	11.713	8,8%
Önnur lönd	27.000	19.086	41,4%

Heimild: Gistiskýrslur 1997, útg. Hagstofa Íslands.

Heildargistinætur 1997



Gistinætur útlendinga – skipting eftir þjóðerni




Fjöldi erlendra ferðamanna 1997

Arið 1997 heimsóttu 201.654 erlendir ferðamenn Ísland eða rúmlega átta hundruð fleiri en árið 1996. Aukningin er því aðeins um 0,4% frá árinu 1996.

Bandaríkjamenn voru fjölmennastir eða 32.384, frá Þýskalandi komu 29.782 og Bretlandi 23.210. Ferðamenn frá Norðurlöndunum voru alls 60.379.

Auk þess komu 21.097 erlendir ferðamenn með skemmtiferðaskipum í 47 ferðum.



Erlendir ferðamenn með skemmtiferðaskipum


Þjóðerni	1997	1996	Breyting
Bandaríki N-Ameríku	3.924	2.495	57,3%
Kanada	306	179	70,9%
Norðurlöndin	344	277	24,1%
Bretland	3.957	3.136	26,2%
Þýskaland	9.559	11.666	-18,1%
Holland	98	77	27,2%
Frakkland	1.280	2.348	-45,5%
Austurríki	243	286	-15%
Swiss	185	159	16,4%
Ítalía	181	259	-30,1%
Spánn	69	48	43,8%
Sov./rússn. vegabréf	391	369	6%
Aðrir	560	638	-12,2%
Alls	21.097	21.937	-3,8%

Heimild: Útlendingaefirlitið

Fjöldi erlendra ferðamanna 1997

Þjóðerni:	1997	1996	Breyting
Bandaríki N-Ameríku	32.384	30.697	5,5%
Kanada	2.518	2.418	4,1%
Önnur lönd Ameríku	871	643	35,5%
Danmörk	20.240	21.547	-6,1%
Svíþjóð	19.150	18.786	1,9%
Noregur	16.669	14.451	15,3%
Finnland	4.320	3.977	8,6%
Bretland	23.210	22.618	2,6%
Írland	2.397	1.960	22,3%
Þýskaland	29.782	34.430	-13,5%
Frakkland	9.320	10.975	-15,1%
Belgía	2.332	2.344	-0,5%
Holland	7.983	7.517	6,2%
Lúxemborg	933	984	-5,2%
Austurríki	3.148	3.600	-12,6%
Swiss	5.057	5.322	-5,0%
Ítalía	5.230	4.713	11,0%
Spánn	2.082	2.003	3,9%
Portúgal	446	354	26,0%
Grikkland	277	224	23,7%
Pólland	1.055	766	37,7%
Júgóslavía	196	141	39,0%
Tékkland/Slóvakía	996	977	1,9%
Búlgaría	87	38	128,9%
Ungverjaland	499	219	127,9%
Rúmenía	115	128	-10,2%
Sov./rússn. vegab.	613	772	-19,9%
Japan	2.469	2.567	-3,8%
Taiwan	1.483	1.662	-10,8%
Afríka og Asía	2.501	1.978	26,4%
Ástralía og Nýja-Sjáland	887	727	22,0%
Ríkisfangslausir	29	21	38,1%
Aðrir	2.375	1.276	86,1%
Samtals	201.654	200.835	0,4%

Heimild: Útlendingaefirlitið



Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs



Frá tjaldsvæðinu á Egilsstöðum.

Upplýsingamiðstöðin og tjaldsvæðið á Egilsstöðum hlutu Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs 1997. Halldór Blöndal samgönguráðherra afhenti Steinunni Ásmundsdóttur, ferðamálafulltrúa Fljótisdalshéraðs, og Sigurjóni Hafsteinessyni, aðstoðarframkvæmdastjóra Ferðamiðstöðvar Austurlands, verðlaunin á Ferðamálaráðstefnunni á Blönduósi 9. október. Alls bárust átta tilnefningar frá ferðamálafulltrúum víða um land, en þetta er í þriðja sinn sem verðlaunin eru veitt. Árið 1995 hlutu bændur í Vigur verðlaunin og árið 1996 varð Knörrinn á Húsavík fyrir valinu.

Uppbygging tjaldsvæðisins hefur staðið allt frá því að Kaupfélag Héraðsbúa opnaði það 1968, en í dag er reksturinn í höndum Ferðamiðstöðvar Austurlands. Halldór Blöndal samgönguráðherra sagði í ávarpi sínu að eðli þjónustunnar á tjaldsvæðinu hafi breyst og það sé í raun þjónusta- staður sem leggi sérstaka áherslu á umhverfismál og fræðslu um staðhætti og sögu. Allt ytra umhverfi, sorphlokkun, gönguferðir og fræðsla, geri það að verkum að þeir sem nýti sér þjónustuna fari af staðnum fróðari um umhverfismál og staðhætti.

Samtenging við upplýsingamiðstöðina sé styrkur sem geri tjaldsvæðinu kleift að sinna fræðsluhlutverkinu sérstaklega vel.

Tjaldsvæðið er manngert en reynt hefur verið að láta trjágróður og aðrar plöntur sem voru til staðar halda sér og hluti mólendisins er látin ósnortinn til að viðhalda fjölbreyttu fuglalífi. Hús og búnaður fellur mjög vel að umhverfinu og eru t.d. girðingarstaurar, hjólagrindur o.fl. smíðaðar úr tilfallandi trjám af svæðinu.

Hönnun svæðisins er þannig að álagið dreifist yfir stórt svæði og tekur vel við fjölda manns án þess að valda miklum skaða á gróðri. Þá var gefið út fréttabréf tjaldsvæðisins til upplýsingar fyrir ferðamenn um umhverfismál og þjóðsögur tengdar svæðinu.

Í greinargerð segir m.a. að þessi starfsemi sé til eftirbreytni fyrir aðra aðila og skref til framtíðar. Þeir erlendu ferðamenn sem sækja Ísland heim komi flestir frá löndum þar sem umhverfisvitund er sterk. Þess vegna sé það sjálfsgöð krafa að umhverfismálum

sé vel sinnt á þjónustustöðum fyrir ferðamenn, eins og reyndar hjá landsmönnum öllum. Það sem geri tjaldsvæðinu á Egilsstöðum m.a. kleift að standa svo vel að málum sé markvisst starf bæjarins að umhverfismálum.



Steinunn Ásmundsdóttir, ferðamálafulltrúi Fljótisdalshéraðs, með Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs 1997. Verðlaunagripurinn er höggmynd eftir Hallstein Sigurðsson.

Fjölmiðlabikar Ferðamálaráðs

Eiðfaxi hlaut Fjölmiðlabikar Ferðamálaráðs árið 1997. Halldór Blöndal samgönguráðherra afhenti Ásdísi Haraldsdóttur ritstjóra og Gyðu Gerðarsdóttur framkvæmdastjóra Eiðfaxes bikarinn við hátíðlega athöfn í Borgarnesi þann 15. apríl 1997. Fjölmiðlabikarinn er viðurkenning sem Ferðamálaráð veitir árlega fyrir framúrskarandi fjölmiðlun á vettvangi ferðaþjónustu. Fjölmiðlabikarsnefnd skipuðu þeir Jóhannes Sigmondsson, Júlíus Sigurbjörnsson og Þorleifur Þór Jónsson, en bikarinn var nú afhentur í 14. sinn.

Samgönguráðherra sagði m.a. í ávarpi sínu við afhendinguna að útgáfa Eiðfaxes ehf. hefði frá upphafi stöðugt aukið og bætt útgáfuna og lagt metnað í að flytja vandað efni og jákvæða landkynningu í stöðugt aðgengilegra og fallegra formi. Útgáfan Eiðfaxes ehf. var stofnuð árið 1977 og þá hóf tímaritið Eiðfaxi göngu sína. Bláðið kemur nú út einu sinni í mánuði í 3500 til 4000 eintökum. Árið 1985 hóf út-



gáfa Eiðfaxes að gefa út úrdrátt úr efni blaðsins á sænsku, ensku og þýsku sem dreift er meðal hestavina erlendis. Árið 1994 hófst svo útgáfa á Eiðfaxes International fjórum sinnum á ári á ensku og þýsku og ákveðið hefur verið að fjölga tölublöðunum í sex á ári. Áskrifendur Eiðfaxes International eru

hátt á þriðja þúsund í 21 landi.

Þetta er eina íslenska tímaritið sem fer um allan heim og fjallar um íslenska hestinn og málefni honum tengd.

Eiðfaxi ehf. hefur einnig gefið út nokkrar bækur um hesta og hestamennsku á íslensku og öðrum Norðurlandamálum. Sumar þessara bóka eru virtar sem fræðirit um hesta og eru notaðar sem kennslubækur bæði í Bændaskólanum á Hólum í Hjaltadal og við búvísindadeildina á Hvanneyri. Eiðfaxi hefur einnig gefið út myndband um íslenska hestinn á þremur tungumálum auk íslensku og mikla athygli hefur vakið veggspjald með teikningum er sýna hinar fimm gangtegundir íslenska hestsins.



Halldór Blöndal samgönguráðherra, Ásdís Haraldsdóttir ritstjóri og Gyða Gerðarsdóttir, framkvæmdastjóri Eiðfaxes, með Fjölmiðlabikar Ferðamálaráðs 1997.

Ferðamálaráðstefnan á Blönduósi

Ferðamálaráð boðaði til árlegrar Ferðamálaráðstefnu á Blönduósi 9.-10. október í samstarfi við heimamenn. Ýmis málefni ferðabjónustunnar voru í brennidepli og voru þátttakendur rúmlega 150 talsins.

Formaður Ferðamálaráðs, Birgir Þorgilsson, setti ráðstefnuna og síðan ávarpaði Pétur Arnar Pétursson, forseti bæjarstjórnar Blönduóss, ráðstefnugesti. Þá flutti Einar Sigurðsson frá Flugleiðum erindi undir heitinu *Flugleiðir til framtíðar*; Dieter Wendler-Jóhannsson, forstöðumaður Ferðamálaráðs í Þýskalandi, og Jón Karl Ólafsson, svæðisstjóri Flugleiða í Þýskalandi, voru með framsögu undir heitinu *Hvernig aukum við blut okkar á Evrópumarkaði, sérstaklega Þýskalandsmarkaði* og Einar Gústavsson, forstöðumaður Ferðamálaráðs í New York, flutti erindi sem hann kallaði *Bandaríkjamarkaður, ástand og horfur*.

Síðari dag ráðstefnunnar voru haldnir fjórir fundir um mismunandi málefni. Ekki var um að ræða hópavinnu, eins og stundum áður, heldur var hver

fundur sjálfstæður með frummælenda og fundarstjóra. Haldnir voru fundir um eftirfarandi málefni: a) *Miðbálandið*. Frummælendi var Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar; b) *Svört atvinnustarfsemi*. Frummælendi var Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Sambands veitinga- og gisti-húsa; c) *Arðsemi til endurnýjunar*. Frummælendi var Þorleifur Þór Jónsson, framkvæmdastjóri Hópfæðamiðstöðvarinnar; d) *Nýsköpun*. Frummælendi var Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Íslandsferða.

Þá flutti samgönguráðherra, Halldór Blöndal, ávarp og afhenti að því loknu Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs sem að þessu sinni komu í hlut upplýsingamiðstöðvarinnar og tjaldsvæðisins á Egilsstöðum (sjá umfjöllun á bls.16). Oddný Þ. Óladóttir verkefnisstjóri kynnti svo niðurstöður heilsárskönnunar Ferðamálaráðs. Fjörugar umræður urðu um hina ýmsu dagskrárliði og samþykktar voru ályktanir í lok ráðstefnunnar. Heimamenn gerðu vel við ráðstefnugesti sem þáðu bæði fróðleik og skemmtun.



Starfsfólk Ferðamálaráðs Íslands 31. desember 1997

Ferðamálastjóri: Magnús Oddsson

REYKJAVÍK:

Markaðsstjóri: Haukur Birgisson
Upplýsingafulltrúi: Sigrún Hlín Sigurðardóttir
Fjármálafulltrúi: Íris Guðjónsdóttir
Verkefnisstjóri: Oddný Þ. Óladóttir
Fulltrúi: Inga Bjarnadóttir

AKUREYRI:

Forstöðumaður: Helga Haraldsdóttir
Umhverfisfulltrúi: Valur Þór Hilmarsson
Fulltrúi: Þórgunnur Stefánsdóttir
Fulltrúi: Helga Gunnur Þorvaldsdóttir

FRANKFURT:

Forstöðumaður: Dieter Wendler-Jóhannsson
Markaðsfulltrúi: Berglaug Skúladóttir
Fulltrúi: Jens Bitsch

NEW YORK:

Forstöðumaður: Einar Gústavsson

Ferðamálaráð Íslands

FRAMKVÆMDASTJÓRN OG NEFNDIR 31.12.1997

FERÐAMÁLARÁÐ

ÁN TILNEFNINGAR:

Birgir Þorgilsson, formaður
Tómas Ingi Olrich, varaformaður
Þórhallur Jósepson
Auður Gunnarsdóttir
Porsteinn Bergsson

Varafultrúar:

Guðmundur Björnsson
Auður Eydal
Guðbjörg Ársælsdóttir
Hildur Jónsdóttir
Þorbjörg Garðarsdóttir

SAMKVÆMT

TILNEFNINGU:

Félag hópfaraleifyfshafa:
Júlíus Sigurbjörnsson
Þorleifur Þór Jónsson (varamaður)

Félag íslenskra ferðaskrifstofa:
Kjartan Lárusson
Hörður Gunnarsson (varamaður)

Félag leiðsögumanna:
Kristbjörg Þórhallsdóttir
Þórarinn Jónasdóttir (varamaður)

Félag sérleyfshafa:
Ágúst Hafberg
Gunnar Sveinsson (varamaður)

Ferðafélag Íslands:
Höskuldur Jónsson
Kristján M. Baldursson (varamaður)

Flugleiðir hf.:
Pétur J. Eiríksson
Steinn Lárusson (varamaður)

Náttúruverndarráð:
Kári Kristjánsson
Aðalheiður Jóhannsdóttir (varamaður)

Samband veitinga- og gistingu:
Bjarni I. Arnason
Jónas Hvannberg (varamaður)

Önnur flugfélög en Flugleiðir hf.:
Ómar Benediktsson
Hörður Guðmundsson (varamaður)

Ferðahjónusta bænda:
Paul Richardson
Ingi Tryggvason (varamaður)

Reykjavíkurborg:
Helgi Pétursson
Sigrún Sigurðardóttir (varamaður)

Ferðamálasamtök Vesturlands:
Pétur Geirsson
Þórdís G. Arthursdóttir (varamaður)

Ferðamálasamtök Vestfjarða:
Áslaug S. Alfreðsdóttir
Sigurjón Þórðarson (varamaður)

Ferðamálasamtök Norðurlands vestra:
Kristinn Guðmundsson
Valgeir M. Baldursson (varamaður)

Ferðamálasamtök Norðurlands eystra:
Jón Illugason
Ívar Sigmundsson (varamaður)

Ferðamálasamtök Austurlands:
Ásmundur Gíslason
Aðalsteinn Jónsson (varamaður)

Ferðamálasamtök Suðurlands:
Jóhannes Sigmundsson
Ásta Begga Ólafsdóttir (varamaður)

Ferðamálasamtök Suðurnesja:
Jóhann D. Jónsson
Kristbjörn Albertsson (varamaður)

Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins (áheyrnarfulltrúi):
Pétur Rafnsson

Íslensk verslun (áheyrnarfulltrúi):
Haukur Hauksson

FRAMKVÆMDA-STJÓRN

Birgir Þorgilsson, formaður
Tómas Ingi Olrich, varaformaður
Kjartan Lárusson, fulltrúi Félags ísl. ferðaskrifstofa
Pétur J. Eiríksson, fulltrúi Flugleiða
Bjarni I. Arnason, fulltrúi SVG
Helgi Pétursson, fulltrúi Reykjavíkurborgar
Jón Illugason, fulltrúi ferðamálasamtaka landshlutanna

FULLTRÚAR FERÐAMÁLARÁÐS Í RÁÐUM OG NEFNÐUM:

Nordisk Turistråd:
Magnús Oddsson

European Travel Commission, ETC:
Magnús Oddsson

Vestnorden ferðamálanefndin:
Birgir Þorgilsson
Pétur J. Eiríksson
Magnús Oddsson

Stjórn Útflutningsráðs Íslands:
Sigurður Helgason
Kjartan Lárusson (varamaður)

Stjórn Ferðamálasjóðs:
Ágúst Hafberg
Guðmundur Björnsson
Auður Gunnarsdóttir (varamaður)
Ómar Benediktsson (varamaður)

Stjórn Upplýsingamiðstöðvar ferðamála:
Birgir Þorgilsson
Pétur J. Eiríksson
Bjarni I. Arnason (varamaður)
Auður Eydal (varamaður)

Náttúruverndarráð:
Jóhann D. Jónsson
Valur Þór Hilmarsson (varamaður)

Ferðamálaráð Íslands

Lækjargötu 3

101 Reykjavík

Sími: 552 7488

Fax: 562 4749

Tölvupóstfang: info@icetourist.is

Ferðamálaráð Íslands

Strandgötu 29

600 Akureyri

Sími: 461 2915

Fax: 461 2729

Tölvupóstfang: thorgst@icetourist.is

Icelandic Tourist Board

655 Third Avenue

New York, N.Y. 10017

U.S.A.

Sími: (212) 885 9700

Fax: (212) 885 9710

Veffang: www.goiceland.org

Isländisches Fremdenverkehrsamt

Carl-Ulrich-Str. 11

D-63263 Neu Isenburg

Sími: 6102 254388

Fax: 6102 254570

Tölvupóstfang: island_info@compuserve.com



FERÐAMÁLARÁÐ
ÍSLANDS

www.icetourist.is

